



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnunni
„Njótum lífsins – ævina út“
Breyttar áherslur í þjónustu við eldri borgara
Reykjavík
20. mars 2007**

Ágætu ráðstefnugestir.

Það er ánægjulegt að sveitarfélög og öflug fyrirtæki skuli ásamt Háskóla Íslands efna til samræðna um viðhorf okkar til hinna eldri og þjónustunnar sem þeim er veitt.

Slík samræða er einkar brýn á okkar tímum þar sem eldri borgurum mun fjölga mjög á komandi árum. Breyttur lífsstíll og framfarir í heilbrigðismálum gera æ fleirum kleift að lifa lengur, njóta lífsins og vera virkir á margan veg.

Reyndar er líka vert að hafa í huga að sú kynslóð sem um þessar mundir bætist í sveit hinna eldri er sannarlega góðu vön, hefur notið ávaxtanna af erfiðri þeirra sem á undan fóru – er fyrsta kynslóðin sem setið hefur nánast óslitið við allsnægtaborðið sem þjóðin skóp á síðari hluta liðinnar aldar. Kröfur þessarar kynslóðar munu verða aðrar og meiri en þeirra sem ólust upp við hin kröppu kjör sem um aldir höfðu verið hlutskipti Íslendinga.

Það eru því á margan hátt tímamót í málefnum þeirra sem kallast í lögum og reglugerðum „eldri borgarar“ en margir þeirra eru enn í fullu fjöri eins og sjá má á vini mínum Ellert Schram sem er hér galvaskur og hress í hópi frummælenda. Líkt og þúsundir annarra karla og kvenna eru hans líkar áminning til okkar allra um að ekki er aðeins þörf á að ræða þjónustuna við hina eldri heldur einnig hvað sú merka og fjölmenna sveit getur enn lagt af mörkum, einkum í ljósi þess að Íslendingar eru fámenn þjóð og þurfa á öllum sínum kröftum að halda.

Við verðum að endurskoða afstöðuna til þess hve lengi körlum og konum er gert kleift að stunda vinnu og leggja lóð á vogarskálar framfara á öllum sviðum.

Fyrst ég vék áðan að vini mínum Ellert þá langar mig að rifja upp orðræður við merka samstarfskonu á fyrri tíð, þáverandi forseta Alþingis Salome Þorkelsdóttur sem átti að vera meðal frummælenda hér í dag en forfallaðist.

Mig minnir að það hafi verið undir lok hennar síðasta þings að ég lýsti í ræðustóli Alþingis þeirri skoðun að Íslendingar ættu að nýta sér betur krafta og reynslu þeirra sem eldri væru; ekki víkja úr ábyrgðarstöðum heilbrigðu fólki með djúpa reynslu, yfirsýn og skarpa dómgreind bara vegna þess að aldurinn væri röngum megin við 60 eða 70 ára markið.

Ég benti líka á að með öðrum þjóðum þætti eðlilegt að þingmenn væru á áttæðis- og jafnvel níráðisaldri því þjóðþing gætu betur gegnt löggjafarskyldum í krafti þátttöku þeirra sem á langri ævi hefðu safnað í reynslusarpinn.

Salome tók þá til máls sem sjaldgæft var vegna þess að hún var forseti þingsins og fór jákvæðum orðum um þessa sýn. Hún sagði m.a. á Alþingi í febrúar 1995:

„Auðvitað verður að vera til viðmiðun sem fólk getur notað og farið eftir en meginmálið er að hver einstaklingur hafi möguleika til að halda sjálfsvirðingu sinni og fá tækifæri til að njóta og nota hæfileika sína, hvort sem það er til starfa eða á öðrum vettvangi, svo lengi sem heilsa hans andleg og líkamleg leyfir.“

Til enn frekari staðfestingar má svo geta þess að á hátíðarkvöldverði Alþingis fyrir fáeinum vikum þar sem við hjónin vorum heiðursgestir vék ég aftur að þessum boðskap, taldi þá þróun varasama að öflugir þingmenn, sumir rétt um sextugt, hyrfu af vettvangi þingsins. Reynslusjóður Alþingis rýrnaði þá til muna; lítil aldursdreifing á löggjafarþingi væri ekki til heilla.

Margir helstu leiðtogar heims á liðinni öld voru í fararbroddi löngu eftir að þeir hefðu hér verið úrskurðaðir á eftirlaun. Ég nefni sem dæmi Winston Churchill, Ronald Reagan, Charles de Gaulle, Konrad Adenauer – forsætisráðherra, forseta og kanslara, sem Bretar, Bandaríkjamenn, Frakkar og Þjóðverjar fólu æðstu ábyrgð. Hér á Íslandi hefði þeim verið góðfúslega bent á að vera nú bara virkir í tómsundastarfinu hjá félagsmiðstöðvum eldri borgara.

Ég vík að þessu hér vegna þess að umræðan um þjónustu við aldraða þarf ásamt öðru að taka mið af nýrri sýn á getu þeirra til að leggja þjóðfélaginu margvíslegt lið, vera virkir þátttakendur meðan kraftar og heilsa leyfa, gegna störfum vítt og breytt um samfélagið, njóta þess að halda áfram að skapa í samvinnu við okkur hin betri tíma fyrir alla Íslendinga, unga sem aldna, leggja grundvöll að framförum og nýsköpun á mörgum sviðum.

Framlag hinna eldri og þjónustan við þennan þjóðfélagshóp eru tvær greinar á sama meiði.

Lausnirnar á margvíslegum vanda sem blasir við í þjónustu við eldri borgara munu í ýmsum eignum verða auðveldari ef við breytum lögum og reglugerðum, skattlagningu, lífeyrisgreiðslum og bótakerfi á þann veg að gera þeim kleift að halda áfram að verða að liði svo lengi sem getan leyfir. Slíku markmiði má auðveldlega ná með því að skapa meiri sveigjanleika, m.a. varðandi verkalok og vinnutíma.

Umfram allt þurfum við þó nýja sýn, nýjan hugsunarhátt, þar sem tekið er mið af fjölbreytninni; hverjum og einum veitt í senn tækifæri og þjónusta sem best henta hinum ólíku einstaklingum. Þar á að gilda hið sama og í skólakerfinu þar sem nú um stundir er stefnt að því að nemendur stundi einstaklingsmiðað nám; við þurfum að geta veitt fólki einstaklingsmiðuð starfslok, sniðin að þörfum og getu hvers og eins.

Þúsundir Íslendinga sem sæmdir eru nafnbótinni eldri borgarar og tilkynnt að framlags þeirra sé ekki lengur óskað á vettvangi hinnar daglegu anna gætu auðveldlega haldið áfram að styrkja efnahag landsins, auðga menningu okkar og þjóðlíf ef þjónustakerfið væri sniðið á annan hátt, ef það gæfi einstaklingum í senn hvatningu og heimild til að vera áfram virkir og fá um leið þá þjónustu sem hentar hverjum og einum.

Hugmyndafræðin sem í áratugi hefur legið til grundvallar þjónustunni við hina eldri hefur nánast alfarið miðast við að í hinni öldruðu sveit séu bara þiggjendur sem geti ekki um leið verið í ríkum mæli veitendur, þátttakendur, gerendur, skapandi afl í framför landsins.

Við þurfum að breyta þessari hugsun, taka mið af nýjum tímum og sníða lög og reglugerðir, siðvenjur og þjóðfélagshætti að þeim veruleika að fjölmargir hinna eldri geti í ríkum mæli verið í senn þátttakendur í skapandi starfi og þiggjendur þjónustunnar.

Við þurfum að gefa einstaklingum kost á því að vera virkir svo lengi sem heilsan leyfir án þess að bætur, lífeyrir eða þjónusta skerðist vegna slíkrar þátttöku í þjóðfélaginu um leið og við veitum öllum sem þurfa á

ríkulegri þjónustu að halda, svo sem dvöl á vistheimilum, hjúkrun eða læknishjálp, þá umönnun og aðstoð sem við frekast getum látið í té.

Þróunin í aðstöðu hinna eldri er meðal brýnustu verkefna okkar tíma og mikilvægt að allir sem ábyrgð bera – ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og almannasamtök – taki saman höndum og móti formlegar reglur og rétt á grundvelli hugsunar sem hæfir breyttum tímum.

Því fagna ég sérstaklega málþinginu sem hér er haldið og þakka fyrir að fá að vera með ykkur hér í dag.